

# AKUREYRARBÆR

## GLERÁRSKÓLI VIÐ HÖFÐAHLÍÐ

### BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2018-2030

#### SKIPULAGSLÝSING



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI  
SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

29.01.2019

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



## Efnisyfirlit

1	Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur.....	1
2	Staðhættir .....	1
3	Skipulagsleg staða .....	2
4	Áhrifamat .....	4
5	Skipulagsferli .....	4
6	Kynning og samráð.....	5

### 1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins á svæði vestan Glerárskóla við Höfðahlíð. Um er að ræða svæði sem liggur vestan svæðis samfélagsþjónustu (S27) og afmarkast af Drangshlíð að vestan, svæðis samfélagsþjónustu (S27) að austan, Höfðahlíð að sunnan og íþróttasvæði Þórs (ÍP5) að norðan.

Umrætt svæði er um 1,0 ha og er svæðið í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem óbyggð svæði (ÓB). Óskað er eftir því að svæðinu verði bætt við svæði samfélagsþjónustu S27 sem nær yfir Glerárskóla og Háhlíð 1, þar sem Akureyrarakademían er með starfsemi sína. Með stækkun svæðisins verður mögulegt í deiliskipulagi að skipuleggja byggingarreit fyrir nýja viðbyggingu leikskóla sem áætlað er að verði sambyggður við núverandi byggingar Glerárskóla. Gert er ráð fyrir að aðkoma inn á svæðið verði frá Drangshlíð og er þar m.a. gert ráð fyrir bílastæðum vegna starsemi leikskólans. Bílastæði þessi verður einnig mögulegt að nýta vegna viðburða á íþróttasvæði Þórs.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð breytingar á aðalskipulagi f.h. skipulagssviðs Akureyrarbæjar.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

### 2 Staðhættir

Það svæði sem breytingin nær til er klapparholt sem stendur nokkuð hærra í landi en byggingar Glerárskóla.



Mynd 1. Loftmynd sem sýnir staðhætti, rauð útlína sýnir afmörkun þess svæði sem breytingin nær til.

### 3 Skipulagsleg staða

Breyting á aðalskipulagi fellst í því að svæði samfélagsþjónustu S27, sem nær yfir Glerárskóla og Háhlíð 1, stækkar til vesturs yfir óbyggt svæði (ÓB) sem afmarkast af Drangshlíð að vestan, Höfðahlíð að sunnan og íþróttasvæði Þórs (ÍÞ5) að norðan. Svæði S27 er í gildandi aðalskipulagi 3,6 ha en stækkar um 1,0 ha og verður eftir breytingu 4,6 ha. Ákvæði reitsins í aðalskipulagi verða óbreytt. Stækkaður landnotkunarreitir verður skilgreindur á sérupprætti aðalskipulags fyrir Akureyri - þéttbýli.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Glerárskóla eða það svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til.




Í greinargerð gildandi aðalskipulags er eftirfarandi umfjöllun um samfélagsþjónustu í kafla 2.1.4:

**Almenn ákvæði:**

Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila, trúarstofnanir og félagsheimili. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi á þessum svæðum og almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum. Svæðin eru flestöll fullbyggð nema annað sé tekið fram.

Í yfirlitstöflu um samfélagsþjónustu er eftirfarandi umfjöllun um svæði S27:

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
S27	Höfðahlíð	Hlíðarhverfi	3,6	Grunnskóli og leikskóli. Ódeiliskipulagt.



Mynd 2. Hluti aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, séruppdráttur fyrir Akureyri - þéttbýli. Rauð afmörkun sýnir það svæði sem breytingin nær til.

## 4 Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum breytingar á aðalskipulagi á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

## 5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

- Janúar 2019* Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsráði og bæjarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)
- Jan. – feb. 2019* Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulagsráð og aðra hagsmunaaðila.
- Febrúar 2019* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
- Febrúar 2019* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.
- Feb. - mars 2019* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
- Mars 2019* Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsráði og bæjarstjórn.
- Apríl 2019* Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## 6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)